

Nr. 043 / 16 Náttfari***Farþegi slasast við fall***

Skipaskr.nr. 0993
Smíðaður: Skipavík 1965, eik
Útgerð: Norðursigling hf.
Stærð: 60,45 brl. 57,0 bt.
Mesta lengd: 22,97 m Skráð lengd: 20,50 m
Breidd: 5,28 m Dýpt: 2,70 m
Vél: Scania 301 kw, 2001
Fjöldi skipverja: 3



Náttfari©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 18. ágúst 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrassyni, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 31. maí 2016 var farþegaskipið Náttfari á skemmtisiglingu með farþega á Skjálfandaflóa. Veður: 2 – 3 m/sek. Ölduhæð: 0,2 m.

Farþegi sem staddur var upp á stýrishúsi steig aftur af þrepi, féll aftur fyrir sig með þeim afleiðingum að hann lærbrotnaði.

Við rannsókn kom fram:

- að skipstjórinn sagði að farþegar hefðu leyfi til að athafna sig upp á stýrishúsinu.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.